

SMART

Kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Til kennara	3	Nu spiser vi	17
Almennt um námsefnið	3	Hvad får vi fra husdyrene?	17
Námsumhverfi	3	Vil du ha' noget at spise?	18
Náms- og kennsluaðferðir	3	Spis sundt	18
Hlustun	4	Min madpakke	19
Munnlegur þáttur	4	Mad i andre lande	19
Lestur	4	Isen, pizzaen og hamburgerens	
Ritun	4	historie	20
Orðaforði	4	Skolen	22
Endurtekning	5	I skolen	22
Myndefni	5	I klasseværelset	23
Námsmat	5	Hvad lærer man i skolen?	24
Grunnbækur	5	Mit skoleskema	24
SMART	6	Hjælp det roder	25
Lesbók	6	Den første skoledag	25
Söngvar	6	Spil	25
Rím og þulur	6	Byen	26
Myndasögur	6	Velkommen til byen	26
Vinnubók	6	Min drømmeby	26
Fyrirmæli	7	Følelser	28
Leikir og spil	7	Hvad føler du?	28
Dyrenes verden	8	Hvad gør dig	28
Kæledyr	8	Tænk på en person	29
Mit kæledyr	9	Fritidsinteresser	30
Hundred mus med haler på	10	Hvad kan du li?	30
Tallene	11	Cykling	30
Søndag morgen	11	Klatring	30
Min morfar og hunden/En kat		Mine fritidsinteresser	31
i vaskemaskinen	12	Kæmpeklippen	31
Hvem stjal fru Fionas hund?	12	Vi elsker sjov og ballade	32
Dyr i Danmarks natur	13	Idoler	33
Farlige dyr	14	Hvad er idoler?	33
Slanger i mørket	14	At have idoler?	33
Fisken	15	Rigtige sørøvere	34
De danske bogstaver	15	Skatteøen	34
Aben	15	Find skatten	34
Nyheder	16		

Til kennara

Almennt um námsefnið

Mikilvægt er að nemendur fái í upphafi góða kynningu á uppbyggingu námsefnisins og dönskunáminu. Kynna þarf námsefnið, kennslugögn og þær vinnuaðferðir sem stuðst verður við.

Námsefnið samanstendur af textum og verkefnum sem þjálfa hlustun, tal, lesskilning og ritun. Auk þess er í efninu lögð sérstök áhersla á að efla markvisst orðaforða nemenda. Í námsefninu er mikill fjöldi fjölbreyttra verkefna. Ekki er hægt að ætla öllum nemendum að vinna öll verkefnin. Kennari þarf að meta hvort hann lætur nemendur vinna með allt efnið eða velur úr textum og verkefnum. Það ræðst m.a. af getu og þörfum hvers nemanda og skipulagningu námsins.

Í efninu er lögð áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir. Gengið er út frá að nemendur venjist því að vinna jafnt í hópum, þörum eða einstaklingslega allt eftir eðli verkefnisins. Mörg verkefni fylgja hverjum kafla og þannig er hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Við samningu efnisins var unnið út frá Aðalnámskrá grunnskóla.

Námsumhverfi

Mikilvægt er að skapa ákveðin skilyrði í námsumhverfinu til að auðvelda börnum að læra tungumálið og skiptir miklu máli að námsumhverfið sé öruggt og hvetjandi. Kennslustofan á að bera vott um að verið sé að vinna með danskt mál og menningu. Mikilvægt er að kennslustofan sé lifandi vettvangur, þar sem myndir og veggspjöld, sem tengjast viðfangsefninu prýða veggina ásamt verkefnum nemenda.

Nauðsynlegt er að hafa orðaforðann, sem fengist er við hverju sinni, sjáanlegan og áberandi í skólastofunni. Skrifa t.d. orð dagsins á töfluna eða á spjöld sem hengd eru upp.

Öguð samskipti og jákvætt andrúmsloft skiptir miklu máli í byrjendakennslunni. Af ytri skilyrðum má nefna reglufestu, endurtekingar, stuðning, hvatningu og hrós sem hjálpar til við að skapa öryggi.

Náms- og kennsluaðferðir

Í dönskunáminu líkt og í öðru námi er mikilvægt að nemendur finni fyrir öryggi í kennslustundunum og að þeir þori að tjá sig og taka virkan þátt í því sem fram fer. Nemendur læra nýtt tungumál með því að prófa sig áfram og því þurfa nemendur að fá tækifæri til að beita málinu á mismunandi hátt og við mismunandi aðstæður. Nemendur þurfa að hlusta á málið, tala það, lesa og skrifa. Í námsefninu er gert ráð fyrir að unnið sé með alla færniþætti og þeir fléttaðir saman. Þannig á námið og kennslan að endurspeglar eðlilega notkun málsins. Þess ber að gæta að kennslan einkennist ekki um of af einhliða færniþjálfun, heldur miði að því að gefa nemendum tækifæri til að nota málið sem tæki til tjáskipta.

Hlustun

Nemendur þurfa að heyra tungumálið. Því meira sem þeir hlusta á erlenda málið, því betri tilfinningu fá þeir fyrir því. Auk þess að nota hlustunarefnið sem fylgir námsefninu ætti kennarinn að nota dönsku sem mest til samskipta. Einnig er mikilvægt að nota látbragð og myndrænt efni til að auka skilning.

Munnlegur þáttur

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að prófa sig áfram með því að tala dönsku. Mikilvægt er að hvetja þá til að nota dönskuna eins og mikið og þeir geta og kennari þarf að leggja sig fram um að skapa aðstæður sem gera það mögulegt. Kennari getur með góðu fordæmi hvatt nemendur til að tjá sig á dönsku og þannig aukið færni þeirra í tungumálinu hratt og örugglega. Það er eðlilegt að gera villur og kennari ætti ekki að ganga hart fram í að leiðrétta þær. Það er mikilvægt að draga fram kunnáttuna en ekki að einblína á það sem er ábótavant.

Lestur

Þar sem um byrjendanámsefni er að ræða eru lestextar námsefnisins almennt stuttir en lengjast þegar líða tekur á. Myndefni í námsefninu styður við textana og auðveldar skilning. Með textum fylgja lesskilningsverkefni í verkefnabók þar sem gert er ráð fyrir að nemendur beiti mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar-, nákvæmnislestur).

Ritun

Í ritunarverkefnum er nemendum ætlað að vinna með orðaforðann úr lestextum og hlustun. Í byrjendanámsefninu eru ritunarverkefni stutt og einföld. Gert er ráð fyrir að nemendur geti skrifað stök orð, t.d. orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.

Orðaforði

Í námsefninu er lögð áhersla á markvissa vinnu með orðaforða. Í upphafi dönskunámsins er mikilvægt að nemendur verði meðvitaðir um hvernig þeir auka orðaforða sinn. Talið er árangursríkast að orðaforðinn sé þjálfaður í samhengi við færniþættina. Sýnt hefur verið fram á að orð lærast betur í merkingarlegu samhengi en ein og sér. Þess vegna er heppilegt að láta nemendur vinna t.d. með orðakort, orðtengslanet eða flokka skyld orð saman. Orðaforðaverkefni í námsefninu eru mörg og fjölbreytt. Einnig fylgja kennsluleiðbeiningum ýmis spil og leikir sem eiga að þjálfa enn betur og auka orðaforðann.

Endurtekning

Mikilvægt er að endurtaka á mismunandi hátt í hverri kennslustund þau atriði sem kennari vill leggja sérstaka áherslu á og rifja þau upp sem unnið hefur verið með. Ekki er hægt að ætlast til að nemendur tileinki sér allan orðaforðann sem kemur fyrir í efninu. Mikilvægt er að kennari geri grunnorðaforðann, sem fengist er við hverju sinni, sjáanlegan og áberandi í skólastofunni.

Myndefni

Myndefni er hentugt til tungumálakennslu þar sem flestir nemendur átta sig á myndefni og eiga auðvelt með að setja sig inn í aðstæður tengdar því. Í námsefninu er lögð mikil áhersla á myndefni sem ætlað er að styðja við textana, auðvelda lesturinn og um leið að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum. Markmið með myndefni getur verið að:

- Útskýra innihald texta og styðja við orðaforðatilkun.
- Virkja bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Hvetja, virkja og vekja áhuga nemenda.
- Þjálfra munnlega og skriflega færni.

Hugmyndir að notkun myndefnis má finna á vef: http://vefir.nams.is/taenk/taenk_klb_1.pdf

Námsmat

Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytt og taki mið af þeim verkefnum sem nemendur hafa fengist við í náminu. Námsmat á að endurspegla leiðir, innihald og verkefni sem unnið hefur verið með. Árangur er æskilegt að meta með sjálfsmati, jafningjamati og símati á verkefnum sem unnin eru á kennslutímanum. Í námsmati þarf að taka mið af þeim fjórum færniþáttum sem fram koma í markmiðum. Auk þess er mat á orðaforða hluti af námsmati í öllum færniþáttum. Óvirkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að skilja, er metinn í lestri og hlustun en virkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að beita, í ritun og tali.

Grunnbækur

Bókunum er skipt í tvennt þ.e. Start og Smart. Þetta er gert með það í huga að byrjendánámsefnið virki ekki of yfirgripsmikið fyrir nemendur. Einnig mætti hugsa sér að einhverjir kennarar vildu byrja að kenna dönsku í 6. bekk og þannig getur fyrri bókin nýst til þess. Vinnubók fylgir báðum kennslubókunum ásamt hlustunaræfingum og kennsluleiðbeiningum á vef.

SMART

Lesbók

Lesbókin skiptist í átta mislöng þemu. Textarnir byggjast á grunnorðaförða hvers þema og er raðað upp eftir þyngdarstigi. Í lesbókinni er lögð mikil áhersla á fjölbreytt myndefni sem auðveldar nemendum að skilja textana og geta verið hvatning til munnlegrar þjálfunar.

Söngvar

Tveir söngvar eru í efninu. Þá er að finna í lesbók en einnig sem hlustunaræfingar. Söngurinn er mikilvægur til að auka máltilfinningu nemenda og hentar vel til að fá þá til að nota tungumálið. Söngur og söngtextar festast vel í minni og flestir hafa gaman af að syngja og/eða að hlusta á söng. Söngvana má finna á geisladisk sem fylgir efninu. Ekki er ætlast til þess að nemendur skilji öll orð í söngvunum.

Rím og þulur

Í rím- og þululeikjum (rím og remser) er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu, takt og látbragð. Þetta hentar mjög vel til aukinnar færni í framburði, áherslum og orðaförðatileinkun. Rímleikir og þulur auka tilfinningu nemenda fyrir tungumálinu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orð í rímleikjum og þulum. Þeir geta lesið rímið upp t.d. í hóp með tillrifum og með réttum áherslum.

Myndasögur

Sjö myndasögur eru í lesbókinni. Myndasögur henta vel til kennslu tungumála. Myndefnið er hluti af textanum og eru verkefni því tengd bæði texta og myndum. Einnig eru í efninu tvær stuttar myndskreyttar smásögur.

Vinnubók

Í vinnubókinni er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni. Verkefnin skiptast í lesskilningsverkefni, orðaförðaverkefni og hlustunarverkefni. Með lesskilningsverkefnum eru nemendur þjálfaðir í mismunandi lestraraðferðum. Orðaförðaverkefnin eru fjölbreytt og til þess gerð að auka orðaförða nemenda. Verkefnunum er ætlað að tryggja fjölbreytni og gefa tækifæri til þess að velja verkefni eftir áhuga og/eða færni hvers og eins. Hvort nemendur vinna öll verkefni eða hluta þeirra hlýtur þó alltaf að vera í samráði við kennara. Nokkrar hlustunaræfingar fylgja hverjum kafla og þar er lögð áhersla á mismunandi færni.

Fyrirmæli

Öll fyrirmæli í vinnubókinni eru á dönsku. Aftast í vinnubók má finna orðalista með skýringum á íslensku yfir helstu orð sem koma fyrir í fyrirmælunum.

Leikir og spil

Í vinnubók er einnig að finna vísun í leiki, spil og samtalsæfingar til útprentunar sem henta hverju þema fyrir sig. Spil, samtalsæfingar og leikir í tungumálakennslu hafa að markmiði að efla munnleg samskipti, þar sem nemendur beita tungumálinu.

Börn hafa þörf fyrir að leika sér og flest börn hafa gaman af hvers konar spilum.

Dyrenes verden

Í þemanu er fjallað um:

- gæludýr, dýr í danskri náttúru og hættuleg dýr. Einnig er í þemanu fjallað um tölurnar frá 10–100 og danska stafrófið.

Markmið er að nemendur:

- geti lesið sér til gagns og gamans um dýr og lifnaðarhætti þeirra.
- geti lesið stuttar fréttir og fræðslutexta um dýrin.
- skilji þegar rætt er á einfaldan hátt um dýr.
- geti rætt á einfaldan hátt um dýrin út frá orðaforða í þemanu.
- geti skrifað stutta texta um t.d. hegðun og útlit dýranna.
- geti talið upp að 100 og skilið þegar tölurnar eru nefndar í mismunandi samhengi, t.d. þegar fjallað eru um fjölda og verð.
- átti sig á muninum á danska og íslenska stafrófinu og skilji þegar orð eru stöfuð.
- átti sig á helstu persónufornöfnum

Hugmyndir að kveikju:

- Ræða um ræða um gæludýr út frá myndinni á bls. 3 í lesbók.
- Gera munnlega könnun á dönsku á gæludýraeign nemenda.
- Að gera vinsældakönnun með svipuðum hætti og gert er í lesbókinni.
- Gera orðablóm tengt grunnorðaforða þemans.
- Skoða vefinn hjá Københavns zoo (www.zoo.dk) og ræða það sem þar er að sjá.

Kæledyr

Lesbók bls. 3 og vinnubók bls. 3–4.

Lesbók

Myndin á bls. 3 gefur tilefni til margskonar umræðu. Það er tilvalið að rifja upp orðaforða sem tengist húsgögnum og litum.

Vinnubók

Verkefni C

Athugið að verðlaunapeningarnir tákna sæti dýrsins á vinsældarlistanum. Verðlaunapeningarnir eru ekki í rétttri talnaröð.

Hlustunaræfing 1

Í verkefninu þurfa nemendur að hafa myndina í lesbók sér við hlið, þar sem spurt er um atriði sem sjást/sjást ekki á myndinni. Gott getur verið að gera hlé á milli setninga svo nemendur nái að finna það sem spurt er um. Sumar spurningar eru þess eðlis að nemandinn veit ekki hvort svarið sé rétt eða rangt út frá myndinni. Í þeim tilfellum má merkja við ved ikke.

Númer 6. Í lið númer 6 má bæði svara með ja og nej. Lampinn stendur ekki á borðinu en er festur á borðröndina. Það er til of mikils ætlast að nemendur átti sig á þessu.

Númer 8. Athugið að í lið númer 8 er fullyrðingin Kaninen har lange ører. Kanínan á myndinni er líkari héra. Það gætir ekki samræmis hvaða mynd í vinnubókinni tákna héra og hver kanínu. Sjálfsagt er að benda nemendum á þetta.

Verkefni E

Nemendur þurfa að hafa myndina á bls. 3 í lesbók til hliðsjónar við úrlausn verkefnisins.

Mit kæledyr

Lesbók bls. 4–5 og vinnubók bls. 5–8.

Lesbók

Myndirnar tengjast textunum og eru hentugar til umræðu áður en unnið er með textann.

▼ **Vidste du at** Textinn er erfiður og aðeins tekinn með til gamans.

Vinnubók

Verkefni B

Ekki er ætlast til að nemendur skrifi heilar setningar heldur einungis stök lýsingarorð um dýrin sem nemendur geta fundið í textunum.

Verkefni D

Í þessu verkefni er tekið mið af dýrum sem fjallað er um í textunum.

Verkefni E

Í verkefninu er áhersla á sagnir (hoppe, slikke, ligge, sove ...). Nemendur geta stuðst við orðaforða úr textunum.

Verkefni F

Verkefnið er einungis úr fyrstu þremur textunum um Jan, Marie og Lucas (bls. 4).

Verkefni G

Verkefnið er einungis úr síðustu þremur textunum um Mikkel, Anna og Astrid (bls. 5).

Hundred mus med haler på

Lesbók bls. 6 og vinnubók bls. 9–10.

Lesbók

Söngurinn er á geisladiski sem fylgir efninu. Textinn er mjög erfiður og ekki hægt að ætlast til að nemendur skilji öll orðin. Markmiðið er að nemendur hlusti á lagið og átti sig á fram-
burði og takti tungumálsins.

Vinnubók

Hlustunaræfing 3

Mælt er með því að láta nemendur byrja á að reyna að setja rétt orð inn í eyðurnar. Þeir hafa lesbókina lokaða á meðan. Síðan hlusta þeir á lagið og athuga hvort þeir hafi sett rétt orð í eyðurnar.

Mælt er með því að nemendur fái tækifæri til að syngja með laginu.

Verkefni A

Hér er unnið með rím, takt og máltilfinningu. Við mælum með að kennari lesi setningarnar upp með áherslu á feitletraða orðið.

Verkefni C

Einhverjum gæti þótt erfitt að sjá mun á naggrísnum, músinni og hamstrinum. Sjá lausnir. Ósamræmis gætir í notkun mynda af kanínu og héra. Hér er um kanínu að ræða.

Tallene

Lesbók bls. 7 og vinnubók bls. 11–13.

Lesbók

Takið eftir því að mynd og texti við tugina 30 og 70 eru ekki í samræmi. Við tuginn 30 stendur Tredive øgler (eðlur) á meðan myndin er af fuglum. Við tuginn 70 stendur Halvfjerds undulater (páfagaukar) en myndin er af eðlum. Þetta verður lagfært í næstu prentun.

Æskilegt er að nemendur læri tugina utan að áður en unnið er áfram með vinnubók. Best er að þjálfa samsetningu allra tuganna. Gott getur verið að spyrja nemendur út frá myndunum og þannig þjálfa þá í tölunum t.d. Hvor mange katte er der under sengen?

Við mælum með að hér verði tekið fyrir spil og leg 1A.

Spil og leg 1

Vinnubók

Verkefni A

Tölurnar standa í lestrarátt og eru ekki í réttri tugaröð.

Verkefni C

Fyrsta orðið í setningunni er með stórum staf.

Hlustunaræfing 5

Við mælum með að gert sé hlé í upplestrinum svo nemendur fái tíma til að skrifa tölurnar.

Söndag morgen

Lesbók bls. 8 og vinnubók 14

Æskilegt er að nemendur lesi teiknimyndasöguna og vinni verkefnið samhliða. Höfundar telja nauðsynlegt að nemendur lesi teiknimyndasöguna sjálfir og reyni að átta sig á innihaldi hennar, jafnvel þótt þeir skilji ekki öll orðin. Annars er hætt við að teiknimyndasagan missi marks.

Vinnubók

Verkefni B

Þetta er algjörlega opið verkefni og þarf ekki endilega að tengjast innihaldi textans.

Min morfar og hunden/En kat i vaskemaskinen

Lesbók bls. 8 og vinnubók bls. 15–16.

Vinnubók

Verkefni B

Orðin sem skrifa á í reitina tengjast myndunum fyrir aftan kassana.

Verkefni D

Hér er lögð áhersla á orðaforða og forsetningar.

Hvem stjal fru Fionas hund?

Lesbók bls. 9 og vinnubók bls. 17–18

Lesbók

Æskilegt er að nemendur lesi teiknimyndasöguna og vinni verkefnin samhliða. Höfundar telja nauðsynlegt að nemendur lesi teiknimyndasöguna sjálfir og reyni að átta sig á innihaldi hennar, jafnvel þótt þeir skilji ekki öll orðin. Annars er hætt við að teiknimyndasagan og gátan missi marks.

Vinnubók

Verkefni A

Hér er bæði spurt út frá myndum og texta. Athugið að orðið pels getur bæði átt við um feld á lifandi dýri og yfirhöfnina loðfeld.

Hlustunaræfing 7

Í verkefninu þurfa nemendur að hafa myndina í lesbók sér við hlið, þar sem spurt er um atriði sem sjást/sjást ekki á myndinni. Gott getur verið að gera hlé á milli setninga svo nemendur nái að finna það sem spurt er um. Sumar spurningar eru þess eðlis að nemandinn veit ekki hvort svarið er rétt eða rangt út frá myndinni. Í þeim tilfellum á hann að merkja við ved ikke.

Verkefni C

Þetta verkefni er frjálst og sjálfsagt að hvetja nemendur til að nota hugmyndaflugið. Einnig er hægt að styðjast við textann í lesbókinni.

Dyr i Danmarks natur

Lesbók bls. 10–11 og vinnubók bls. 19–22

Lesbók

Ekki er blaðsíðutal hér, ólíkt flestum öðrum síðum í bókinni.

Myndinni er skipt upp í skóg, ár og vötn og akra og engi. Dýrunum er raðað á myndina út frá þessu, þ.e. eftir heimkynnum. Hver texti stendur við það dýr sem fjallað er um. Textarnir eru stuttir en nokkuð erfiðir. Ástæða er til að nota myndina til umræðu um náttúru Danmerkur og dýr sem þar er að finna. Myndin gefur einnig tækifæri á að fjalla um útlit og sérkenni dýranna. Athugið að moldvarpa heitir en muldvarp. Villan verður leiðrétt í næstu útgáfu.

Vinnubók

Verkefni A

Sumum nemendum finnst ef til vill betra að skrifa orðin fyrst undir myndirnar og síðan finna þau í orðaruglinu.

Verkefni B

Í þessu verkefni eiga nemendur að finna orð númer 1 í texta 1 í lesbók o.s.frv. Orðin eru í sömu beygingarmynd og þau koma fyrir í textanum.

Verkefni G

Um er að ræða 3 myndaskrítlur. Nemendur eiga að skrifa textann inn í skrítlurnar. Athugið að hver texti er merktur með striki.

Spil og leg 2

Farlige dyr

Lesbók bls 12–13 og vinnubók bls 23–25

Lesbók

Benda má á að Vidste du er hluti af textanum og því tekinn með í verkefnunum í vinnubók.

Á Vísindavefnum kemur fram að Kodiak-björninn sem er deilitegund brúnbjarna er að jafnaði stærri en hvítbjörn.

Vinnubók

Verkefni B

Nemendur eiga að þýða orðahlutana á dönsku svo úr verði heiti á dýri. Gott er að hvetja nemendur til að nota óákveðinn greini. Myndirnar gætu mögulega ruglað nemendur.

Verkefni E

Nemendur skrifa um dýr að eigin vali og því geta lausnirnar verið mismunandi.

Slanger i mørket

Lesbók bls. 14 og vinnubók bls. 26–27

Lesbók

Um er að ræða ljóð. Textinn er mjög þungur og ekki ástæða til að ætla nemendum að skilja öll orðin. Frekar að lesa ljóðið með tilþrifum og vinna verkefnið sjálfstætt.

En eins og víða gefa myndirnar tækifæri á ýmsum verkefnum og umræðum á dönsku.

Vinnubók

Verkefni B

Nemendur eiga að nota bókstafina í bláa kassanum til að mynda orð sem finnast í ljóðinu. Þessir sömu bókstafir mynda orð lóðrétt, ef verkefnið er rétt leyst.

Verkefni C

Sagnirnar sem vinna á með eru í þátíð í textanum, en ekki í nafnhætti.

Fisken

Lesbók bls. 14 og vinnubók bls. 27

Lesbók

Æskilegt er að nemendur lesi teiknimyndasöguna og vinnu verkefnin samhliða. Höfundar telja nauðsynlegt að nemendur lesi teiknimyndasöguna sjálfir og reyni að átta sig á innihaldi hennar, jafnvel þótt þeir skilji ekki öll orðin. Annars er hætt við að teiknimyndasagan missi marks.

Vinnubók

Verkefni C

Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að skrifa út frá eigin forsendum.

De danske bogstaver

Lesbók bls. 15 og vinnubók bls. 28

Lesbók

Danska stafrófið er töluvert frábrugðið því íslenska og sjálfsagt að fara yfir það. Neðri línan er einskonar hljóðskrift sem sýnir framburð bókstafanna.

Vinnubók

Hlustunaræfing 10 og 11

Mælt er með að nemendur fái að hafa stafrófið fyrir framan sig meðan þeir vinna hlustunarverkefnið.

Spil og leg 3 og 4

Aben

Lesbók bls.15 og vinnubók bls. 29

Lesbók

Söngurinn er á geisladisk sem fylgir efninu. Textinn er mjög erfiður og ekki hægt að ætlast til að nemendur skilji öll orðin. Markmiðið er að nemendur hlusti á lagið og átti sig á framburði og takti tungumálsins.

Vinnubók

Hlustunaræfing 12

Mælt er með því að láta nemendur byrja á að reyna að setja rétt orð inn í eyðurnar. Þeir hafa lesbókina lokaða á meðan. Síðan hlusta þeir á lagið og athuga hvort þeir hafi sett rétt orð í eyðurnar.

Við mælum með að nemendur fái tækifæri til að syngja með laginu.

Nyheder

Lebók bls. 16–17 og vinnubók bls. 30–32.

Lesbók

Um er að ræða 4 mismunandi fréttir sem unnar eru upp úr dagblöðum.

Myndirnar útskýra efni fréttanna.

Vinnubók

Verkefni B

Hér er lögð áhersla á nokkur persónufornöfn. Kennari þarf að útskýra notkun þeirra áður en nemendur vinna verkefnið.

Verkefni C

Athygli er vakin á því að finna má fleiri en 8 sagnir í orðaruglinu. Sjá lausnir.

Spil og leg 5

Verkefni E

Orðaforðinn í krossgátunni er úr textanum.

Hlustunaræfing 13

Nemendur eiga einungis að merkja við 4 orð. Sjá lausnir.

Nu spiser vi

Í þemanu er fjallað um:

- helstu húsdýr og afurðir þeirra
- ýmsar matvörur, eins og grænmeti, ávexti, mjólkurafurðir og kjöt
- fæðuflokkana
- nesti
- mat frá öðrum löndum

Markmið er að nemendur:

- geti lesið og leitað upplýsinga um húsdýr og ýmsar matartegundir
- skilji þegar rætt er á einfaldan hátt um mat og húsdýr
- geti tekið þátt í samræðum um mat og notað til þess rétta kurteisisfrasa
- geti unnið með orð tengd orðaforða kaflans
- geti notað algeng spurnarorð

Hugmyndir að kveikju:

- Ræða um húsdýr og hvað þau segja út frá myndinni á bls.18 í lesbók
- Bera saman húsdýr á Íslandi og í Danmörku
- Gera orðablóm tengt grunnorðaforða þemans
- Ræða á dönsku um uppáhaldsmat nemenda

Hvad får vi fra husdyrene?

Lesbók bls.18 og vinnubók bls. 33–34.

Lesbók

Í textanum er að finna ýmsar áhugaverðar tölfræðilegar staðreyndir. Hægt er að ræða það við nemendur. Einnig má ræða mun á hljóðum dýranna í Danmörku og Íslandi. Eflaust má finna dýrahljóð á vefnum.

Vinnubók

Verkefni B

Nokkur munur er á fjölda orða í flokkum.

Hlustunaræfing 14

Ekki á að merkja við öll orðin.

Verkefni D

Línurnar eru heldur stuttar, svo nemendur geta þurft að skrifa orðin fyrir ofan og neðan.

Vil du ha' noget at spise?

Lesbók bls. 19 og vinnubók bls. 35–36.

Lesbók

Á þessari blaðsíðu eru helstu kurteisisfrasararnir teknir fyrir.

Hægt er að vinna með myndirnar á fjölbreyttan hátt. Þegar búið er að vinna með verkefnið í vinnubók sem tilheyrir þessari síðu er hægt að vinna myndirnar bæði munnlega og skriflega og eins að taka fyrir munnlega þjálfun í kurteisisfrösum.

Vinnubók

Verkefni A

Nemendur eiga að númera setningarnar eftir myndunum í lesbók. Þar sem engin númer eru á myndunum þurfa nemendur sjálfir að telja þær út.

Spis sundt

Lesbók bls. 20 og vinnubók bls. 37–38.

Lesbók

Myndin hentar vel til upprifjunar orðaforða tengdum matartegundum.

Vinnubók

Verkefni E

Verkefnið er tvíþætt. Í fyrsta lagi á að setja inn spurnarorðin. Athugið að sum þeirra á að nota oftari en einu sinni. Í öðru lagi eiga nemendur að krossa við rétt svar út frá spurningum og texta.

Min madpakke

Lesbók bls. 21 og vinnubók 39–41.

Lesbók

Rím og þulur

Í rím- og þululeikjum (rím og remser) er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu, takt og látbragð. Þetta hentar mjög vel til aukinnar færni í framburði, áherslum og orðaforðatilkun. Rímleikir og þulur auka tilfinningu nemenda fyrir tungumálinu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orð í rímleikjum og þulum. Þeir geta lesið rímið upp t.d. í hóp með tilþrifum og með réttum áherslum.

Vinnubók

Verkefni A

Æfingin er sein unnin og nokkuð erfið.

Verkefni B

Ekki eru jafnmörg orð í hverjum hring. Sjá lausnir.

Hlustunaræfing 17

Upplsturinn er heldur hraður. Við mælum með að gert sé hlé inn á milli og að hlustað sé oft en einu sinni.

Spil og leg 6

Mad i andre lande


Lesbók bls. 22 og vinnubók bls. 42–44

Lesbók

Til þess að gera textana trúverðuga er letrið haft eins og handskrift. Svona letur getur reynst sumum nemendum erfitt aflestrar.

Kennari getur ef til vill tekið fyrir mismunandi form á rituðu máli. Hér eru dæmi um póstkort, en einnig mætti skoða bréf, tölvupóst og sms.

Á póstkortunum má finna mismunandi ávörp og kveðjur.



Ef til vill mætti þjálfarar nemendur í að skrifa póstkort til hvers annars, kennarans eða einhvers utan skólastofunnar. Til þess má hugsanlega nota heimasíðuna www.123kort.dk eða <http://www.email-postkort.dk/>

Vinnubók

Verkefni A

Línurnar eru heldur stuttar og nemendur gætu þurft að skrifa að skrifa hluta svaranna fyrir neðan spurningarnar.

Verkefni B

Kassarnir fyrir morgunmat og aftensmat eru heldur litlir. Hvetja þarf nemendur til að skrifa smátt. Lausnir geta verið mismunandi.

Verkefni C

Verkefnið er tvíþætt. Í fyrsta lagi á að setja inn spurnarorðin. Í öðru lagi eiga nemendur að krossa við rétt svar út frá spurningum og texta.

Hlustunaræfing 18

Mælt er með að kennari ræði um myndirnar áður en nemendur hlusta til þess að þeir átti sig betur á því sem spurt er um.

Spil og leg 7

Isen, pizzaen og hamburgerens historie

Lesbók bls. 23 og vinnubók bls. 45–47.

Lesbók

Gott er að leiða athygli nemenda að myndunum á blaðsíðunni sem eru m.a. af Nero og drönnig Margherita, þar sem vitnað er í myndirnar í Spil og leg 8.

Kædeleg

Þetta er munnleg æfing þar sem reynir á framburð og hversu mörg orð nemendur muna yfir matartegundir. Leikinn má vinna í litlum eða stærri hópum. Það reynir meira á ef unnið er í stórum hóp, því þá þurfa nemendur að muna fleiri orð.

Vinnubók

Verkefni D

Nemendur eiga að byrja neðst þar sem stendur Hjem. Þeir eiga að fíkra sig í átt að orðinu Supermarket. Leiðin er eingöngu farin yfir grænmetisorð og á að lita leiðina. Sjá lausnir.

Hlustunaræfing 19

Textinn í hlustuninni er heldur erfiður. Ætlast er til að nemendur skrifi orðin inn í eyðurnar áður en hlustað er. Í hlustuninni geta nemendur athugað hvort þeir hafi skrifað rétt.

Spil og leg 8

Skolen

Í þemanu er fjallað um:

- skólastofuna
- orðaforða tengdan samskiptum í skólastofunni
- námsgreinar sem kenndar eru í grunnskólanum

Markmið er að nemendur:

- lesið og leitað upplýsinga um efni tengt grunnorðaforða um skóla
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um daglegt skólalíf
- tekið þátt í munnlegum samskiptum á dönsku innan skólastofunnar
- unnið með orðaforða þemans munnlega og skriflega

Hugmyndir að kveikju

- Gera orðablóm með grunnorðaforða þemans og styðjast td. við orð á bls. 24.
- Bera saman myndirnar á bls. 24 og 25 við skólastofu nemenda. Hvað er líkt og hvað er ólíkt? Hér mætti m.a. rifja upp tölur, liti og algengustu sagnir (sidde, stå, ligge, skrive...) ásamt forsetningum (på, under, ved siden af...)
- Varpa má upp myndum af íslenskum og dönskum skólum og ræða á dönsku um mismuninn.

I skolen

Lesbók bls. 25 og vinnubók bls. 48–50

Lesbók

Hægt er að vinna með myndirnar á fjölbreyttan hátt, sérstaklega munnlega. T.d. spyrja: Hvad siger drengen med brillerne? Hvem må gerne sidde ved siden af pigen med det brune hår. Einnig mætti láta nemendur bera fram spurningar yfir bekk eða í pörum eða litlum hópum.

Vinnubók

Hlustunaræfing 20

Í verkefninu þurfa nemendur að hafa myndina í lesbók sér við hlið, þar sem spurt er um atriði sem sjást/sjást ekki á myndinni. Gott getur verið að gera hlé á milli setninga svo nemendur nái að finna það sem spurt er um. Sumar spurningar eru þess eðlis að nemandinn veit ekki hvort svarið sé rétt eða rangt út frá myndinni. Í þeim tilfellum á hann að merkja við ved ikke.

Í spurningu 6 má svara bæði já eða nei, þar sem talað er um bláa litinn, en buxurnar á myndinni eru lillabláar.

I klasseværelset

Lesbók bls. 26–27 og vinnubók bls. 51–53

Lesbók

Mælt er með að nemendur þjálfu munnlega þá frasa sem eru í myndasögunni. Hugsanlega mætti láta nemendur leika hlutverkin á myndunum.

Vinnubók

Verkefni A

Verkefnið er nokkuð erfitt og nemendur gætu átt í erfiðleikum með að finna orðin. Hugsanlega mætti auðvelda verkefnið með því að segja á hvaða mynd orðin eru.

Verkefni B

Sumum gæti þótt betra að setja öll spurnarorðin inn áður en þeir svara spurningunum, með því að krossa við rétt svar.

Verkefni C

Þetta verkefni er frjálst og sjálfsagt að hvetja nemendur til að nota hugmyndaflugið. Einnig er hægt að styðjast við textann í lesbókinni.

Verkefni D

Um er að ræða 3 myndaskrítlur. Nemendur eiga að skrifa textann inn í skrítlurnar. Athugið að hver texti er merktur með striki.

Spil og leg 9

Hvad lærer man i skolen?

Lesbók bls. 28–30 og vinnubók bls. 54–57.

Lesbók

Sjálfsgagt er að styðjast við broskarlana þegar unnið er með textana þar sem þeir tákna hverja námsgrein og hvernig krökkunum líkar þær.

▼ **AHA!!** Í textunum er grunnorðaforðinn rifjaður upp og tengdur námstækni.

Vinnubók

Verkefni C

Æskilegt er að nemendur nýti sér orðalagið sem kynnt er með broskörlunum efst á bls. 28 í lesbók.

Hlustunaræfing 22

Nemendur eiga að fylla út í þá reiti sem passa viðkomandi persónu. Sjá lausnir.

Mit skoleskema

Lesbók bls. 30 og vinnubók bls. 58–59

Lesbók

Benda má nemendum á að 6. bekkur í Danmörku samsvarar 7. bekk á Íslandi.

Vinnubók

Verkefni B

Fyrsti reiturinn í stundatöflunni er ætlaður klukkunni.

Hlustunaræfing 23

Ef til vill mætti rökstyðja að báðar myndirnar séu réttar.

Verkefni D

Nemendur svara spurningunum játandi eða neitandi allt eftir því sem við á.

Hvert svar leiðir þá áfram að næstu spurningu í völdundarhúsinu. Í lokin kemur í ljós hvaða hlut þeir fá.

Spil og leg 10

Hjælp det roder

Lesbók bls. 31 og vinnubók bls. 60

Lesbók

Hægt er að láta nemendapör lesa textann upp með leikrænum tilprifum.

Einnig er æskilegt að ræða myndina við nemendur.

Den første skoledag

Lesbók bls. 32–33 og vinnubók bls. 61–62

Lesbók

Höfundar mæla með að nemendur lesi söguna og vinni verkefnið samhliða án þess að gerðar séu kröfur um að þeir skilji hvert orð.

Vinnubók

Hlustunaræfing 24

Þessi æfing er nokkuð erfið þar sem spurningarnar eru á íslensku og nemendur því að vinna með bæði tungumálin í einu.

Spil og leg 11

Spil

Lesbók bls. 34–35

Lesbók

Nemendur geta spilað í pörum eða litlum hópum. Ef til vill mætti útnefna einn dómara, eða láta kennara dæma um vafaatriði.

Nemendur skiptast á að kasta teningnum og svara þeirri spurningu sem þeir lenda á, á dönsku. Sá vinnur sem fyrstur kemur í mark.

Byen

Velkommen til byen

Lesbók bls. 36–37 og vinnubók bls. 63–65

Lesbók

Ekki er blaðsíðutal hér, ólíkt flestum öðrum síðum í bókinni.

Myndin sýnir bæ og er hver texti skýring á þeirri byggingu sem númerið stendur við. Textarnir eru stuttir og frekar einfaldir. Ástæða er til að nota myndina til umræðu á dönsku um það sem einkennir bæi.

Vinnubók

Hlustunaræfing 25

Athugið að ekki á að númera öll orðin.

Verkefni C

Ef til vill má benda nemendum á að hægt sé að leita að upplýsingum um bæinn á netinu eða í ferðamannabæklingum.

Spil og leg 12

Min drømmeby

Lesbók bls. 38–39 og vinnubók bls. 66–67

Lesbók

Ekki er blaðsíðutal hér, ólíkt flestum öðrum síðum í bókinni.

Myndin sýnir bæ og er textinn til hliðar við myndina. Númerin á myndinni eru notuð í verkefnum í vinnubók. Ástæða er til að ræða myndina á dönsku og ef til vill bera hana saman við myndina á undan. Nemendur geta ef til vill rætt hvað er spennandi við þennan bæ sem ekki er að finna á þeirra heimaslóðum.

Vinnubók

Verkefni B

Orðin í stafaruglinu eru fleiri en beðið er um.

Verkefni C

Í verkefninu á ýmist að skrifa sagnirnar í nt. eða nh.

Mikilvægt að ræða hvenær á að nota nt. og hvenær nh.

Í verkefninu eru fleiri en einn möguleiki réttur.

Hlustunaræfing 26

Orðin í æfingunni eru mörg en koma fyrir í réttri röð.

Spil og leg 13



Tilvalið er að vinna stærra verkefni um bæinn sinn eða landið sitt. T.d. má setja á fót ferðaskrifstofu þar sem nemendur kynna munnlega og/eða skriflega sinn bæ. Einnig mætti hugsa sér að búa til nýjan draumabæ og kynna hann.

Følelser

Hvad føler du?

Lesbók bls. 40–41 og vinnubók bls. 68–69

Lesbók

Til þess að festa orðin í minni sem eru undir myndunum, geta nemendur leikið mismunandi tilfinningar og t.d. haft leik þar sem hinir eiga að giska á hvaða tilfinningu verið er að leika.



Nemendur finna myndir af andlitum/fólki í blöðum og/eða á neti og flokka þau eftir því hvaða tilfinningu þau lýsa. Þeir geta einnig spurt sessunaut sinn eða aðra í bekknum hvaða tilfinningum myndirnar lýsa.

Vinnubók

Verkefni A

Í þessu verkefni er notast við sömu andlit og eru í lesbók. Það er ráðlegt að láta nemendur loka lesbókinni á meðan verkefnið er unnið.

Verkefni C

Hver stafur í stafrófinu hefur sinn tölustaf.

Nemendur eiga að nota uppgefna tölustafi og finna hvaða staf hann á. Í lokin eiga nemendur að hafa fengið út lýsingu á manneskju. Nemendur geta teiknað andlitið í samræmi við lýsinguna.

Verkefni D

Hér á nemandinn að búa til talnaþraut fyrir sessunaut sinn. Hann þarf því að ákveða hvernig setningin á að vera á dönsku og skrifa talnarunu í samræmi við hana.

Ef til vill er hentugra að skrifa setninguna á rúðustrikað blað.

Hvad gør dig ...

Lesbók bls. 40–41 og vinnubók 70–73

Lesbók

Athugið að fyrirsögnin Hvað gør dig... er botnuð á fyrsta orðinu í hverjum texta fyrir sig.

Vinnubók

Verkefni C

Tilfinningaorðin er að finna í textunum. Sums staðar koma fleiri en eitt orð til greina. Í lið 6 er fyrst spenntur og svo leiður þegar hann opnar pakkann. Eftir að hann finnur lykilin og opnar pakkann verður hann líklegast glaður.

Spil og leg 14 og 15

Tænk þá en person

Lesbók bls. 41

Lesbók

Verkefnið er paraleikur þar sem nemendur eiga að giska á hvaða persónu hinn er að hugsa um.

Fritidsinteresser

Hvad kan du li?

Lesbók bls. 42 og vinnubók bls. 74–75.

Lesbók

Textinn er stuttur en gert er ráð fyrir að nemendur vinni með myndirnar í vinnubók.

Vinnubók

Verkefni B

Nemendur eiga að skrifa setningar þar sem þeir nota orðin sem gefin eru upp í bláa kassanum.

Cykling

Lesbók bls. 43 og vinnubók bls. 76.

Vinnubók

Verkefni B

Nemendur geta valið úr fleiri atriðum í textanum og ef til vill bætt við einhverju frá eigin brjósti.

Klatring

Lesbók bls. 43 og vinnubók bls. 76–77.

Vinnubók

Verkefni C

Hér á að flokka orðin eftir merkingu. Orð sem tengjast fötum, dýrum, íþróttum og tónlist skrifa á orðin inn í myndirnar. Nemendur eiga einnig að gefa flokkunum nafn sem skrifa á fyrir ofan myndirnar.

▼ Kædeleg

Lesbók bls. 43

Þetta er munnleg æfing þar sem reynir á framburð og hversu mörg orð nemendur muna yfir áhugamál. Leikinn má vinna í litlum eða stærri hópum. Það reynir meira á ef unnið er í stórum hóp, því þá þurfa nemendur að muna fleiri orð.

Mine fritidsinteresser

Lesbók bls. 44–45 og vinnubók bls. 78–81.

Lesbók

Rím og þulur

Í rím- og þululeikjum (rím og remser) er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu, takt og látbragð. Þetta hentar mjög vel til aukinnar færni í framburði, áherslum og orðaforðatilkun. Rímleikir og þulur auka tilfinningu nemenda fyrir tungumálinu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orð í rímleikjum og þulum. Þeir geta lesið rímið upp t.d. í hóp með tilþrifum og með réttum áherslum.

Vinnubók

Verkefni C

Nauðsynlegt er að rifja upp hvenær er notuð nútíð og hvenær nafnháttur áður en nemendur vinna verkefnið.

Verkefni D

Nemendur svara spurningunum játandi eða neitandi allt eftir því sem við á.

Hvert svar leiðir þá áfram að næstu spurningu í völdundarhúsinu. Í lokin kemur í ljós hvaða hlut þeir fá.

Kæmpeklippen

Lesbók bls. 46–47 og vinnubók bls. 82–84.

Lesbók

Æskilegt er að nemendur lesi teiknimyndasöguna og vinni verkefnið samhliða. Höfundar telja nauðsynlegt að nemendur lesi teiknimyndasöguna sjálfir og reyni að átta sig á innihaldi hennar, jafnvel þótt þeir skilji ekki öll orðin. Annars er hætt við að teiknimyndasagan og gátan missi marks. Krakkarnir eru öll með derhúfu með númerum. Það er gert til að aðgreina þau þar sem nöfn þeirra koma hvergi fram.

Vinnubók

Verkefni C

Í verkefninu eiga nemendur að búa til setningar þar sem þeir nota eitt sagnorð úr æfingu A og eitt nafnorð og eitt lýsingarorð úr æfingu B.

Verkefni E

Hér hafa krakkarnir fengið nöfn sem ekki er að finna í Lesbókinni. Númerin í sviganum sýna hvern er átt við í myndasögunni.

Verkefni G

Ef til vill vija einhverjir byrja á því að skrifa orðin undir myndirnar áður en þeir finna þau í orðaruglinu.

Hlustunaræfing 30

1 og 6. Í hlustunaræfingunni er spurt um lit á derfhúfum og gsm síma. Spurt er hvort derhúfurnar séu gular og síminn rauður. En þar sem guli liturinn er grænleitur og síminn rauðappelsínugulur þá má hugsanlegagefa rétt fyrir já, nei og veit ekki.

Spil og leg 16

Vi elsker sjov og ballade

Lesbók bls. 48–49 og vinnubók bls. 85–86.


Lesbók

Ef til vill má láta nemendur lesa textann upp með leikrænum tilþrifum.

Vinnubók

Verkefni D

Mælt er að rifja upp fornöfnin í kassanum áður en nemendur vinna verkefnið.



Nemendur taki viðtöl við hvert annað og spyrji út í áhugamál. Búa má til veggspjald með myndum og texta er tengjast áhugamálum. Önnur hugmynd er að þau taki upp viðtalið og birti á vef.

Idoler

Hvad er idoler?

Lesbók bls. 50 og vinnubók bls. 87–88

At have idoler?

Lesbók bls. 51 og vinnubók bls. 89–91

Spil og leg 17

Rigtige sørøvere

Skatteøen

Lesbók bls. 52–53 og vinnubók bls. 92–94

Lesbók

Höfundar mæla með að nemendur lesi söguna og vinni verkefni í vinnubók samhliða án þess að gerðar séu kröfur um að þeir skilji hvert orð.

Vinnubók

Verkefni C

Þetta verkefni er erfitt og reynir á nokkra þætti samtímis. Nemendur eiga að finna út hvaða orð um er að ræða og skrifa það á strikin. Nemendur eiga að raða saman þeim bókstöfum sem lenda í hring þannig að úr komi orð. Sjá lausnir.

Verkefni D

Verkefnið er tvíþætt. Í fyrsta lagi eiga nemendur að setja orðin í bláa kassanum á réttan stað í textanum. Þegar það er búið eiga nemendur að raða setningunum í rétta númeraröð miðað við atburðarrás sögunnar.

Verkefni E

Athugið að einum kassa er ofaukið.



Athugið að til er danskur söngleikur sem heitir Skatteøen og byggir á sömu sögu. Hægt er að finna m.a. tónlist úr honum á netinu.

Find skatten

Lesbók bls. 54–55 og vinnubók bls. 95

Spil og leg 18